

Nd.

683. Nefndarálit

[227. mál]

um frv. til l. um tollskrá o. fl.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í nefndinni vilja samþykkja frumvarpið án allra breytinga, en ég og Skúli Guðmundsson teljum, að nauðsynlegt sé að gera allmiklar breytingar á því.

Frumv. það um nýja tollskrá, sem hér er um að ræða, hefur verið undirbúið af ríkisstjórninni með þeim hætti, að stjórnarandstöðuflokkarnir hafa engan kost átt á að fylgjast með undirbúningi þess.

Nú er samning nýrrar tollskrár og það því fremur sem nú er gerbreytt um form frá því, sem áður var, margþætt og flókið mál. Aðstaða okkar, sem ekki höfum átt neinn kost á að fylgjast með undirbúningsvinnu málsins, er því síður en svo góð, þegar þess er gætt, að ráðrúm til athugunar á málinu á þingi er harla lítið, þar sem komið var að þinglokum, þegar málið loksins var lagt fyrir. Þessi háttur á undirbúningi málsins af hálfu ríkisstjórnarinnar er því fordæmanlegur. Erfitt er að átta sig á ýmsum breytingum, sem felast í frumv., frá þeim lögum, sem í gildi eru. Tilfærslur og breytingar eru mjög miklar og ýmist til hækkunar eða lækkunar.

Þó sýnist augljóst, að lækkanir á tollum séu mestar á þeim vörum, sem hæst hafa verið tollaðar og yfirleitt hafa sízt verið taldar nauðsynjavörur. Hins vegar er ljóst, að margar almennar nauðsynjavörur hækka nokkuð í tolli.

Sú breyting, að nú er gert ráð fyrir einum verðtolti í stað margra og mismunandi aðflutningsgjalda áður, er tvímælalaust til bóta. En vel var hægt að koma þeirri breytingu fram án þess að hækka tolla á almennum neyzluvörum.

Sú stefna, sem núverandi ríkisstjórn hefur fylgt í tolla- og skattamálum, hefur miðazt við það að stórhækka álögur frá því, sem áður var, og færa skattheimtuna meir og meir í formi söluskatta og vörotolla yfir á herðar almennings í landinu. Skattar á hátekjum og gróðafélögum hafa hins vegar lækkað á sama tíma. Frá þessari skattheimtustefnu er ekki vikið í þessu frumvarpi.

Á afstöðu stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar í fjárhagsnefnd er ljóst, að ríkisstjórnin hefur ákveðið, að engar breytingar skuli gerðar á frumv. frá því, sem nú er. Tillöguflutningur um breytingar af hálfu okkar stjórnarandstæðinga mun því ekki stoða mikið. Ég flyt því færri tillögur en ég hefði þó talið rétt að flytja, ef afgreiðsla málsins hefði getað verið með eðlilegum hætti. Ég vil þó freista þess að fá fram nokkrar lækkanir á tollum á ýmsum þeim vörum, sem almenning varða allmiklu.

Breytingartillögur mínar verða fluttar á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 17. apríl 1963.

Lúðvík Jósefsson.